

31. fundur

2. febrúar 2012

1201046SA RS
Málalykill: 502

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands

Fundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Þroskaþjálfafélags Íslands þann 2. febrúar 2012, kl. 13:00.

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands á fundinum voru: Laufey Gissurardóttir og Anna Lilja Magnúsdóttir. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga á fundinum var Sólveig B.Gunnarsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekið fyrir:

1. Farið yfir niðurstöðu könnunar um skiptingu starfstíma þroskaþjálfna í grunnskólum skv. bókun 11

Könnunin var send fræðsluskrifstofum sveitarfélaga. Einungis hafa borist svör frá 20 skólum. Svörunin er of lítil til að teljast marktækar.

Niðurstaða:

Ákveðið var að senda bréf til grunnskóla í stóru sveitarfélögum til að fá upplýsingar um skiptingu vinnutíma þroskaþjálfna í samræmi við bókun 11.

2. Tvö erindi frá ÞÍ vegna röðunar starfsmanna í Hafnafirði

a) Starfsmaður í Öldutúnsskóla hefur röðun sem þroskaþjálfni 2 en Þ.Í. telur að starfinu sé ekki rétt raðað og ætti að raðast sem yfirþroskaþjálfni þar sem hún er eini þroskaþjálfinn í skólanum og haldi því utan um alla þroskaþjálfun sem þarf fer fram, skipuleggi m.a. félagsfærni geri einstaklingsáætlanir sinni ráðgjöf til foreldra, kennara og annarra starfsmanna.

Niðurstaða:

Eftir að hafa farið yfir gögn málsins og aflað upplýsinga frá Hafnafjarðarbæ hafnar SNS að breyta röðun viðkomandi, sem starfar sem sérfræðingur í sérdeild undir stjórn annarra en ekki sem deildarstjóri sérdeildar og fellur starfið því að starfaskilgreiningu þroskaþjálfna 2 í kjarasamningi.

Þ.Í. hafnar þessari túlkun alfarið og bendir á að viðkomandi starfsmaður er eini þroskaþjálfinn í skólanum, starfi ekki eingöngu í sérdeild (6., 7., 8. og 10. bekk) en fari jafnframt í almenna bekki. Starfslýsing hafi breyst mikið milli ára og það

kalli á endurskoðun á röðun. Þá telur Þ.Í. að umrætt starf falli engan vegin að skilgreiningu um starf þroskaþjálfar 2 né þeim störfum sem þar eru talin upp.

- b) Starfsmaður starfar er í tveimur störfum, 70% starfshlutfalli sem raðast í yfirþroskaþjálfari og hins vegar í 30% starfshlutfalli og raðast þar sem þroskaþjálfari 2. ÞÍ fer fram á að röðun í 30% starfshlutfall verði þroskaþjálfari 3 þar sem starfsmaður sé ekki undir stjórn annarra í 30% starfinu.

Niðurstaða:

SNS bendir á að viðkomandi er í tvískiptu hlutverki, þ.e.a.s annars vegar sem stjórnandi og hins vegar sem almennur sérfræðingur í 30% starfshlutfalli. Í 30% starfi sínu sinnir hún ekki greiningu og mati né þverfaglegu samstarfi utan og innan stofnunar en þeir þættir tilheyra vissulega hinu starfinu. Verkefni viðkomandi í 30% starfi falla að starfaskilgreiningu þroskaþjálfar 2 í kjarasamningi og í því starfar hún undir leiðsögn sjálfrar sín en fyrir þá leiðsögn er greitt í 70% starfinu. Auk þess eru verkefni hennar í 30% starfinu þau sömu og aðrir þroskaþjálfar sinna á vinnustaðnum og eru því ekki rök til að samþykkja erindi Þ.Í. og er því hafnað að breyta röðun viðkomandi.

Þ.Í. er ósammála þessari túlkun en áskilur sér rétt til að skoða rökstuðning SNS og koma með athugasemdir við hann á næsta fundi.

3. Erindi frá Þ.Í. vegna röðunar tveggja starfsmanna hjá Akureyrarbæ

Báðir starfsmenn starfa í fjölskyldudeild Akureyrarbæjar og raðast sem yfirþroskaþjálfar en telja sig eiga að raðast sem ráðgjafaþroskaþjálfar samkvæmt kjarasamningi.

Niðurstaða:

Afstaða starfsmannastjóra Akureyrarbæjar liggur ekki fyrir. Erindinu er því frestað til næsta fundar.

Fundi slitið kl.14:10